

**1993 nr. 56 19. maí****Lög um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsídóma**

Tóku gildi 27. maí 1993. Breytt með l. 10/1997 (tóku gildi 26. mars 1997), l. 15/2000 (tóku gildi 28. apríl 2000), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**1. hluti. Gildissvið laganna.****■ 1. gr.**

□ Samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum, sem Ísland hefur gert við önnur ríki og með heimild í lögum þessum, má fullnægja hér á landi eftirtöldum viðurlagaákvörðunum:

a. Ákvörðunum dómstóla um fésektir, frjálrsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna sem teknar eru í öðru ríki með dómi eða annarri úrlausn að lokinni málsmeðferð samkvæmt lögum um réttarfar í sakamállum.

b. Ákvörðunum stjórnvalda um fésektir, réttindasviptingar eða upptöku eigna sem teknar eru í öðru ríki.

□ Í samræmi við samninga skv. 1. mgr. ákveður [ráðuneytið]<sup>1)</sup> hvort fullnusta á ákvörðunum íslenskra dómstóla um fésektir, frjálrsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna verði falin stjórnvöldum í öðrum ríkjum. Sama gildir um innheimtu sektar, framkvæmd réttindasviptingar eða upptöku eignar samkvæmt lögreglustjórasátt sem sakborningur hefur samþykkt.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 179. gr.

**■ 2. gr.**

□ Þegar fullnusta fer fram samkvæmt samningi um alþjóðlegt gildi refsídóma frá 28. maí 1970 gilda ákvæði 5.–21., 28.–37. og 40.–42. gr. laga þessara.

□ Þegar fullnusta fer fram samkvæmt samningi um flutning dæmdra manna, frá 21. mars 1983, gilda ákvæði 22.–25., 28.–34., 38. og 40.–42. gr. laga þessara.

□ [Þegar fullnusta fer fram á beiðni um eignaupptöku samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 gilda ákvæði I. og IV. kafla 2. hluta og I. og IV. kafla 3. hluta laga þessara eftir því sem við getur átt.

□ Þegar fullnusta fer fram á beiðni um eignaupptöku samkvæmt samningi um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 8. nóvember 1990 gilda ákvæði I. og IV. kafla 2. hluta og I. og IV. kafla 3. hluta laga þessara eftir því sem við getur átt.<sup>1)</sup>

□ Heimilt er að gera tvíhliða eða marghliða samninga við ríki, sem fullgilt hafa samninga skv. [1.–4. mgr.],<sup>1)</sup> um viðbætur við þá til þess að auðvelda framkvæmd meginreglna þeirra.

□ Þegar fullnusta fer fram samkvæmt öðrum samningum en tilgreindir eru í [1.–4. mgr.]<sup>1)</sup> ákveður [ráðuneytið]<sup>2)</sup> hvornig fari um könnun þess hvort fullnægja megi erlendum viðurlagaákvörðunum hér á landi eða íslenskum viðurlagaákvörðunum erlendis. Ákvæði 26.–34. og 39.–42. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

<sup>1)</sup> L. 10/1997, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

**■ 3. gr.**

□ Þegar sérstakar ástæður mæla með því getur [ráðuneytið]<sup>1)</sup> ákveðið, þótt ekki sé í gildi samningur skv. 1. gr., að

fullnægja megi hér á landi samkvæmt lögum þessum viðurlagaákvörðun um sektir, frjálrsræðissviptingu, réttindasviptingu eða upptöku eigna sem íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur hlotið samkvæmt dómi eða annarri ákvörðun dómstóls í öðru ríki. Með sama hætti er heimilt, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að ákveða að fullnusta á viðurlagaákvörðun íslensks dómstóls um sektir, frjálrsræðissviptingu, réttindasviptingu eða upptöku eigna, sem maður með ríkisborgararétt eða fasta búsetu í öðru ríki hefur hlotið hér á landi, verði falin stjórnvöldum í því ríki.

□ Þegar ákveðið er að flytja fullnustu samkvæmt þessari grein gilda ákvæði [6. mgr. 2. gr.]<sup>2)</sup> eftir því sem við getur átt.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr. <sup>2)</sup> L. 10/1997, 10. gr.

**■ 4. gr.**

□ Ákvæði laga þessara gilda ekki um fullnustu viðurlaga eða aðrar aðgerðir sem falla undir ákvæði laga um fullnustu refsídóma sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl.

**■ 5. gr.**

□ Með evrópskum refsídómi er í lögum þessum átt við dóm eða aðra ákvörðun sem fullnægja má samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsídóma.

□ Með útivistardómi er í lögum þessum átt við dóm eða aðra ákvörðun skv. 1. mgr. sem tekin er án þess að dómþoli eða sá sem sætir viðurlögum samkvæmt ákvörðuninni hafi komið sjálfur fyrir dóm við meðferð málsins.

□ Þegar í lögum þessum er fjallað um viðurlög er, nema annað sé tekið fram, átt við fésektir, frjálrsræðissviptingar, réttindasviptingar og upptöku eigna.

**2. hluti. Fullnusta erlendra viðurlagaákvæðana hér á landi.****I. kafli. Fullnusta evrópskra refsídóma hér á landi.**

A. Skilyrði fyrir fullnustu.

**■ 6. gr.**

□ Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi evrópskum refsídómi, nema samkvæmt beiðni stjórnvalda í öðru ríki.

□ Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi evrópskum refsídómi ef:

a. dómurinn er ekki endanlegur eða ef ekki er unnt að fullnægja honum að lögum þess ríkis sem biður um fullnustu,

b. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, er ekki refsiverður að íslenskum lögum eða dómþoli hefði ekki, af öðrum ástæðum en greinir í g-lið 1. mgr. 7. gr., bakað sér refsíabyrgð hér á landi ef verknaðurinn hefði verið framinn hér,

c. dómþoli er ekki búsettur hér á landi nema fullnusta hér auki líkur á félagslegri endurhæfingu hans eða um frjálrsræðissviptingarviðurlög sé að ræða sem unnt er að fullnægja í framhaldi af fullnustu annarra slíkra viðurlaga hér á landi eða dómþolin sé frá Íslandi,

d. fullnusta hér á landi væri andstæð grundvallarreglum íslenskra laga,

e. fullnusta hér á landi væri andstæð þjóðréttarskuldbindingum íslenska ríkisins,

f. dómur fyrir sama afbrot hefur þegar gengið hér á landi eða sakborningur þegar gengist undir lögreglustjórasátt fyrir það,

g. dómþoli hefur með endanlegum dómi, sem kveðinn hefur verið upp í öðru ríki en því sem biður um fullnustu, verið sýknaður eða dæmdur til viðurlaga fyrir sama verknað

sem þegar hefur verið fullnægt eða verið er að fullnægja eða viðurlög hafa fallið niður vegna fyrningar, náðunar eða sakaruppgjafar í því ríki; sama gildir ef dómþoli hefur í slíkum dómi verið sakfelldur en honum ekki gerð sérstök refsing,

h. fullnusta hér á landi væri að öðru leyti andstæð samningnum um alþjóðlegt gildi refsisdóma.

■ **7. gr.**

□ Heimilt er að hafna beiðni um fullnustu á evrópskum refsisdómi ef:

a. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, telst stjórnmálaafbrot eða varðar við herlög,

b. gild ástæða er til að ætla að dómur hafi gengið eða viðurlög orðið þyngri en ella vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar eða stjórnmálaskoðana dómþola,

c. rannsókn stendur yfir hér á landi vegna verknaðar sem leiddi til viðurlaganna, ákæra hefur verið gefin út, ákveðið hefur verið að bjóða sakborningi að ljúka máli með lögreglustjórasátt eða tekin hefur verið ákvörðun um að höfða ekki mál vegna verknaðarins,

d. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, var ekki framinn í því ríki sem biður um fullnustu,

e. ekki er talið unnt að fullnægja viðurlögum hér á landi,

f. telja má að ríki, sem biður um fullnustu, geti fullnægt viðurlögum,

g. dómþoli var ekki orðinn 15 ára gamall þegar afbrotið var framið,

h. viðurlög teldust fyrnd ef beitt væri ákvæðum 83. og 83. gr. a almennra hegningarlaga.

□ Hafi í því ríki, sem biður um fullnustu, verið framkvæmd aðgerð sem rýfur fyrningu samkvæmt lögum þess ríkis skal sú aðgerð hafa sömu áhrif hér á landi þegar metið er hvort h-liður 1. mgr. eigi við.

■ **8. gr.**

□ Ef viðurlög í erlendum dómi eru ákvörðuð fyrir tvö eða fleiri afbrot og eigi er heimilt að fullnægja þeim vegna þeirra allra skal fallist á beiðni varðandi þau afbrot sem heimilt er að fullnægja, enda sé í dómnum eða í beiðni um fullnustu tilgreint hvaða hluti viðurlaganna eigi við um það eða þau afbrot sem fullnægja skilyrðum um fullnustu viðurlaga hér á landi.

*B. Könnun á beiðni um fullnustu.*

■ **9. gr.**

□ Beiðni um fullnustu erlendar viðurlagaákvörðunar skal send [ráðuneytinu].<sup>1)</sup>

□ Telji ráðuneytið augljóst að beiðnin varði ekki evrópskan refsisdóm eða að ekki sé heimilt að fullnægja dómnum hér á landi vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. skal þegar hafna beiðninni. Ef um úttvistardóm er að ræða skal þó ekki hafna beiðni af þeirri ástæðu einni að hann sé ekki endanlegur.

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> kannar hvort hafna beri beiðni vegna ástæðna er greinir í einstökum liðum 1. mgr. 7. gr.

□ Sé beiðni ekki þegar hafnað skal hún send ríkissaksóknara til frekari meðferðar.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

■ **10. gr.**

□ Ríkissaksóknari leggur málið fyrir héraðsdóm nema annað leiði af 16. eða 19.–21. gr. Ef beiðnin lýtur að upptöku á eignum annars manns en dómþola skal höfðað sérstakt mál gegn þeim manni nema hann hafi komið fyrir dóm við meðferð málsins í erlenda ríkinu.

□ Dómþola skal gefinn kostur á að tjá sig um fullnustu-beiðni og skal hann yfirheyrður fyrir dómi ef hann óskar þess. Ef dómþoli er sviptur frelsi í því landi sem biður um fullnustu skal dómurinn þó, að honum fjarstöddum, meta hvort hafna beri beiðni, sbr. 1. mgr. 11. gr., þótt hann hafi óskað eftir því að koma fyrir dóm.

■ **11. gr.**

□ Í málum, sem lögð eru fyrir héraðsdóm skv. 10. gr., ákveður hann hvort hafna beri beiðni vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. eða b- eða h-liða 1. mgr. 7. gr.

□ Dómstóllinn metur ekki að nýju hvort dómþoli uppfylli skilyrði refsíabýrgðar vegna verknaðarins.

■ **12. gr.**

□ Telji dómurinn að heimilt sé að fullnægja viðurlögum hér á landi ákveður hann, í samræmi við ákvæði 13.–15. gr. laga þessara, ný viðurlög fyrir verknaðinn sem samkvæmt íslenskum lögum yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot.

□ Hafi dómurinn metið hvort skilyrði séu til þess að fallast á beiðni að dómþola fjarstöddum, vegna þess að hann var sviptur frelsi í því landi sem biður um fullnustu, skal þó ekki ákvarða ný viðurlög fyrr en honum hefur verið gefinn kostur á að koma fyrir dóm.

■ **13. gr.**

□ Hafi frjálrsræðissvipting verið dæmd í erlenda dómnum má ekki ákvarða þyngri viðurlög hér á landi en í þeim dómi. Þetta á við þótt frjálrsræðissviptingin sé styttri en stysta frjálrsræðissvipting sem heimilt er að dæma fyrir sambærilegt afbrot samkvæmt íslenskum lögum.

□ Séu viðurlögin sektir ákveður dómstóllinn, með hliðsjón af því kaupgengi er gildir þegar ákvörðun er tekin, sektarfjárhæð sem í íslenskum krónum samsvarar þeirri sekt sem dæmd var. Fjárhæðin skal þó ekki fara fram úr þeirri hámarkssektarfjárhæð sem liggur við sambærilegu afbroti samkvæmt íslenskum lögum.

□ Í stað fésekta samkvæmt erlendra viðurlagaákvörðun má ekki ákvarða þyngri viðurlög hér á landi en fésektir.

■ **14. gr.**

□ Þegar viðurlög eru ákvörðuð skv. 13. gr. skal, að því leyti sem unnt er, taka tillit til þess hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt, þar með talið þess tíma sem dómþoli hefur verið í haldi eða gæsluvarðhaldi vegna afbrotisins í erlenda ríkinu eða hér á landi. Að teknu tilliti til þessa tíma er heimilt að ákveða vægari viðurlög en ella yrðu ákveðin fyrir afbrotið eða að viðurlög verði að öllu leyti felld niður.

■ **15. gr.**

□ Hafi tiltekin fjárhæð eða verðmæti verið gerð upptæk í erlenda dómnum ákveður dómurinn, með hliðsjón af því kaupgengi er gildir þegar ákvörðun er tekin, samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Ef upptæka fjárhæðin er hærri en sú fjárhæð sem gerð yrði upptæk samkvæmt íslenskum lögum ef málið væri rekið hér á landi skal dómurinn lækka fjárhæðina til samræmis við réttarframkvæmd hér á landi.

□ Hafi munur verið gerður upptækur í erlenda dómnum skal hann því aðeins gerður upptækur hér á íslensk lög heimili slíka eignaupptöku vegna sambærilegs afbrotis.

□ Ef upptæka bitnar á öðrum manni en dómþola skal dómurinn því aðeins taka ákvörðun um upptöku að hún væri heimil samkvæmt íslenskum lögum ef málið hefði verið rekið fyrir dómstólum hér á landi.

■ **16. gr.**

□ Varði beiðni eingöngu innheimtu sekta eða upptöku eignar er ríkissaksóknara heimilt, í stað þess að leggja málið fyrir

dóm skv. 10. gr., að kanna sjálfur skilyrði þess að fullnægja megi ákvörðun hér á landi og gefa dómþola kost á að ljúka málinu að hætti [149. gr. laga um meðferð sakamála].<sup>1)</sup>

□ Fallist dómþoli ekki á þessa málsmeðferð leggur ríkissaksóknari málið fyrir dóm skv. 1. mgr. 10. gr.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### C. Þvingunaraðgerðir.

##### ■ 17. gr.

□ Hafi ríki, sem fullgilt hefur samninginn um alþjóðlegt gildi refsíðoma, beðið um fullnustu viðurlaga getur ríkissaksóknari ákveðið að dómþoli skuli handtekinn og lagt fyrir dóm beiðni um að hann verði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Sama gildir ef ríki hefur tilkynnt [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> að það ætli að biðja um fullnustu viðurlaga og óskað eftir að dómþoli verði handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald.

□ Skilyrði þess að heimilt sé að handtaka dómþola og úrskurða hann í gæsluvarðhald eru:

a. að verknaðurinn sem hann er dæmdur fyrir geti að íslenskum lögum varðað þyngri refsingu en 1 árs fangelsi og

b. að ástæða sé til að ætla að hann hyggist koma sér undan fullnustu viðurlaganna eða, ef um útivistardóm er að ræða, að óttast megi að hann spilli sakargögnum.

□ Í stað gæsluvarðhalds getur ríkissaksóknari lagt fyrir dóm beiðni um að úrræðum [100. gr. laga um meðferð sakamála]<sup>2)</sup> verði beitt. Heimilt er að beita þeim úrræðum þótt viðurlög við broti að íslenskum lögum séu vægari en um getur í a-lið 2. mgr.

□ Heimilt er óháð eðli brots og viðurlögum að handtaka og úrskurða dómþola í gæsluvarðhald eða beita hann úrræðum skv. [100. gr. laga um meðferð sakamála]<sup>2)</sup> ef hann hefur ekki fasta búsetu hér á landi og ástæða er til að ætla að hann muni yfirgefa landið til að komast undan fullnustu viðurlaganna.

□ Gæsluvarðhaldi skal ljúka í síðasta lagi þegar samanlagður gæsluvarðhaldstími hér á landi og sá tími, sem dómþoli hefur verið í haldi erlendis, er orðinn jafnlangur og sá tími sem hann var dæmdur til frjálssræðissviptingar samkvæmt erlenda dómnum. Þegar dómþoli er úrskurðaður í gæsluvarðhald áður en beiðni um fullnustu berst skal hann látinn laus þegar hann hefur verið í haldi í 18 daga og beiðni um fullnustu hefur ekki borist innan þess tíma.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

##### ■ 18. gr.

□ Hafi verið beðið um fullnustu á evrópskum refsíðomi er heimilt að leggja hald á eign sem gerð er upptæk samkvæmt honum ef heimilt væri að leggja hald á eignina samkvæmt íslenskum lögum væri málið rekið hér á landi. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um haldlagningu. Ákvæði [88. gr. laga um meðferð sakamála]<sup>1)</sup> um tryggingarráðstafanir eiga við um fullnustu evrópskra refsíðoma.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### D. Sérákvæði um útivistardóma.

##### ■ 19. gr.

□ Þegar ríkissaksóknara er send til meðferðar beiðni um fullnustu á útivistardómi skal hann annast um að dómþola verði tilkynnt um dóminn og fullnustubeiðni og að honum verði bent á að hann geti innan 30 daga frá móttöku tilkynningarinnar gert kröfu til ríkissaksóknara um endurupptöku málsins. Setji dómþoli ekki fram slíka kröfu skal með málið farið samkvæmt ákvæðum 10.–16. gr.

□ Krefjist dómþoli innan tilskilins frests að málið verði endurupptekið af viðkomandi dómstóli í erlenda ríkinu endursendir ríkissaksóknari [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> gögn málsins sem end-

ursendir gögnin til stjórnvalda í erlenda ríkinu og tilkynnir þeim um kröfuna.

□ Krefjist dómþoli þess að með málið verði farið fyrir íslenskum dómstóli eða krefjist hann endurupptöku máls án þess að tilgreina hvar hann óski að með málið verði farið leggur ríkissaksóknari málið fyrir héraðsdóm sem metur hvort taka eigi málið upp að nýju.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

##### ■ 20. gr.

□ Þegar krafa skv. 3. mgr. 19. gr. berst héraðsdómi gefur dómurinn út fyrirfall til dómþola um að mæta við þinghald í málinu. Án samþykkis dómþola má þinghald ekki fara fram fyrir en liðnir eru 21 dagar frá því að honum var birt fyrirfallið.

□ Mæti dómþoli ekki enda þótt honum hafi verið birt fyrirfall eða telji dómurinn af öðrum ástæðum ekki rök til endurupptöku málsins skal kröfu dómþola hafnað. Þegar slík ákvörðun er orðin endanleg skal farið með málið í samræmi við 10.–16. gr.

□ Ef dómurinn verður við kröfu um endurupptöku er honum heimilt að meta skilyrði refsíabyrgðar vegna verknaðar, svo og beiðni um fullnustu útivistardóms, þótt ekki væri unnt að höfða mál vegna hans hér á landi vegna ákvæða almennra hegningarlaga um refsilögsögu eða aðeins mætti höfða það samkvæmt sérstökum fyrirmælum [ráðherra]<sup>1)</sup> eða annarra aðila og án þess að tekið sé tillit til ákvæða almennra hegningarlaga um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga. Skilyrði refsíabyrgðar skulu metin samkvæmt íslenskum lögum með sama hætti og ef sambærilegt afbrot væri framið hér á landi. Rannsókn og aðrar aðgerðir, vegna málsmeðferðar erlendis samkvæmt lögum þess ríkis, skulu viðurkenndar þannig að þær hafi sama gildi og þær hefðu farið fram hér á landi. Slíkum aðgerðum skal þó ekki veitt víðtækara gildi en þær höfðu samkvæmt lögum í erlenda ríkinu.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 179. gr.

##### ■ 21. gr.

□ Endurupptaki dómstóll í erlenda ríkinu mál skv. 19. gr., að kröfu dómþola, fellur beiðni um fullnustu viðurlaganna niður. Hafni erlendi dómstóllinn því að taka málið til efnislegrar meðferðar á ný og sé slík ákvörðun endanleg skal með málið farið skv. 10.–16. gr.

## II. kafli. Fullnusta samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna.

##### ■ 22. gr.

□ Heimilt er að fullnægja hér á landi viðurlögum sem fela í sér frjálssræðissviptingu og hafa verið dæmd eða ákvörðuð á annan hátt af dómstóli vegna refsiverðs verknaðar í ríki sem fullgilt hefur samninginn um flutning dæmdra manna, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a. að dómþoli sé íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi,

b. að dómþoli hafi samþykkt að viðurlögum verði fullnægt hér á landi,

c. að verknaðurinn, sem viðurlögin voru dæmd fyrir, sé refsiverður samkvæmt íslenskum lögum,

d. að eftir sé að fullnægja a.m.k. 6 mánuðum af viðurlagátíma þegar beðið er um fullnustu hér á landi eða sérstakar ástæður mæli með að fullnusta verði flutt hingað til lands,

e. að dómurinn sé endanlegur.

□ [Víkja má frá skilyrðum b-liðar 1. mgr. ef dómþoli hefur komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild

með því að flýja til landsins. Sama gildir ef senda á dómþola úr landi eða vísa honum brott úr ríkinu sem biður um fullnustu.<sup>1)</sup>

□ Að uppfylltum öðrum skilyrðum en d-liðar 1. mgr. er heimilt að fullnægja hér á landi ótímabundnum viðurlögum.

□ Beiðni erlendra stjórnvalda um fullnustu hér á landi skal send [ráðuneytinu]<sup>2)</sup> sem kannar hvort skilyrði séu til þess að verða við henni.

□ [Ráðuneytið]<sup>2)</sup> getur einnig óskað eftir því við erlent ríki að fullnusta fari fram hér á landi.

<sup>1)</sup> L. 15/2000, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

#### ■ 23. gr.

□ Þegar fullnægja á hér á landi viðurlögum skv. 1. mgr. 22. gr. skal annaðhvort:

a. halda áfram að fullnægja erlendu viðurlögum eða

b. breyta viðurlögum þannig að í stað viðurlagaákvörðunar erlenda dómsins verði ákvörðuð ný viðurlög fyrir verknadinn sem samkvæmt íslenskum lögum yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot.

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> ákveður í hverju tilviki hvort viðurlögum verði fullnægt hér skv. a- eða b-lið 1. mgr.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

#### ■ 24. gr.

□ Þegar fullnusta fer fram hér á landi skv. a-lið 1. mgr. 23. gr. skal fullnægja viðurlögum án tillits til þess hvort þau eru þyngri en þau hefðu orðið samkvæmt íslenskum lögum fyrir sambærilegt afbrot.

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> skal breyta viðurlögum í sem sambærilegasta viðurlagategund að íslenskum lögum. Ekki skal breyta tímalengd viðurlaganna nema hún fari fram úr því hámarki sem samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að ákvarða fyrir sambærilegt afbrot. Þá skal laga tímalengdina að því hámarki.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

#### ■ 25. gr.

□ Þegar fullnusta fer fram hér á landi skv. b-lið 1. mgr. 23. gr. felur [ráðuneytið]<sup>1)</sup> ríkissaksóknara að leggja málið fyrir héraðsdóm til ákvörðunar á nýjum viðurlögum í stað hinna erlendu.

□ Þegar ný viðurlög eru ákvörðuð skal:

a. ekki meta að nýju hvort dómþoli uppfylli skilyrði refsíðabyrgðar vegna verknaðarins,

b. ekki breyta viðurlögum, sem fela í sér frjálssræðissviptingu, í fjárhagsleg viðurlög,

c. miða við þau viðurlög sem yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot samkvæmt íslenskum lögum,

d. ekki ákvarða þyngri viðurlög en í erlendu viðurlagaákvörðuninni þótt þau séu vægari en vægustu viðurlög sem heimilt er að dæma fyrir sambærilegt afbrot að íslenskum lögum,

e. láta að fullu koma til frádráttar þann hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt.

□ Sé dómþoli fluttur hingað til lands áður en viðurlög eru ákvörðuð samkvæmt þessari grein er heimilt og skal að jafnaði úrskurða hann í gæsluvarðhald þar til endanlegur dómur liggur fyrir. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum [100. gr. laga um meðferð sakamála]<sup>2)</sup> ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru hans.

□ [Hafi dómþoli komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins frá ríki sem biður um fullnustu er heimilt að beiðni þess ríkis að úrskurða dómþola í gæsluvarðhald til að tryggja nærveru hans þar til

fullnægjandi gögn með beiðninni hafa borist eða ákvörðun um hvort fallist verði á beiðni er tekin. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum [100. gr. laga um meðferð sakamála]<sup>2)</sup> ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru dómþola.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>3)</sup> L. 15/2000, 8. gr.

### III. kafli. Fullnusta annarra erlendra viðurlagaákvörðana hér á landi.

#### ■ 26. gr.

□ Þegar fullnægja á hér á landi viðurlagaákvörðunum samkvæmt heimild í [6. mgr. 2. gr.]<sup>1)</sup> getur [ráðuneytið],<sup>2)</sup> á grundvelli samkomulags við annað ríki, ákveðið hvernig ákvæðum I. og IV. kafa eða II. og IV. kafa 2. hluta laga þessara skuli beitt í samskiptum Íslands og hlutaðeigandi ríkis enda þótt í slíkri ákvörðun felist frávik frá ákvæðum þessara kafa laganna.

<sup>1)</sup> L. 10/1997, 11. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

#### ■ 27. gr.

□ Þegar fullnægja á hér á landi viðurlagaákvörðun skv. 3. gr. ákveður [ráðuneytið]<sup>1)</sup> hvort ný viðurlög skuli ákvörðuð hér á landi. Þegar það er gert ákveður ráðuneytið jafnframt hvort mál skuli lagt fyrir dóm skv. I. eða II. kafa 2. hluta laganna. Í slíkum tilvikum gilda almenn ákvæði þessara kafa um það hvernig ákvarða skuli ný viðurlög.

□ Þegar ekki eru ákvörðuð ný viðurlög skal [ráðuneytið]<sup>1)</sup> breyta viðurlögum í sem sambærilegasta viðurlagategund að íslenskum lögum. Viðurlögum skal fullnægt án tillits til þess hvort þau eru þyngri en þau hefðu orðið samkvæmt íslenskum lögum fyrir sambærilegt afbrot. Þegar um frjálssræðissviptingu er að ræða skal ekki breyta tímalengd hennar nema hún fari fram úr því hámarki sem samkvæmt íslenskum lögum er heimilt að ákvarða fyrir sambærilegt afbrot. Þá skal laga tímalengdina að því hámarki.

□ Innheimta má sektir þótt sektarfjárhæð sé hærri en hæstu sektir sem dæmdar yrðu hér á landi fyrir sambærilegt afbrot. Það sama gildir um upptöku eigna.

□ Ekki er heimilt að fullnægja viðurlögum samkvæmt þessari grein á þann hátt að þau verði talin þyngri en viðurlögin sem voru dæmd eða ákvörðuð í erlenda ríkinu. Við ákvörðun á viðurlögum skal, að því leyti sem unnt er og í samræmi við samkomulag við hlutaðeigandi erlent ríki, taka tillit til þess hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt í erlenda ríkinu. Þegar um frjálssræðissviptingu er að ræða skal taka tillit til þess hluta hennar sem þegar hefur verið fullnægt og þess tíma sem dómþoli var í haldi eða gæsluvarðhaldi í erlenda ríkinu eða hér á landi vegna afbrotsins.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

### IV. kafli. Sameiginleg ákvæði.

#### ■ 28. gr.

□ Lög um meðferð [sakamála]<sup>1)</sup> gilda um varnarþing, meðferð mála, beitingu þvingunarúrræða, kærðu og áfrýjun eftir því sem við getur átt, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

□ Fullnusta viðurlaga, sem fer fram hér á landi samkvæmt lögum þess, skal framkvæmd í samræmi við almennar reglur íslenskra laga um fullnustu sambærilegra viðurlaga hér á landi nema annað sé ákveðið í lögum þessum eða samningum við erlent ríki.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### ■ 29. gr.

□ Þegar ríkissaksóknari leggur mál fyrir héraðsdóm til þess að meta hvort fullnægja megi erlendri viðurlagaákvörðun hér

á landi eða til þess að ákvarða ný viðurlög skal það gert án þess að gefin sé út ákæra í málinu.

□ Héraðsdómur tekur ákvörðun í málinu með dómi.

■ **30. gr.**

□ Nú er dómþoli sviptur frelsi í erlenda ríkinu á þeim tíma er hann er fluttur til Íslands til þess að fullnægja megi viðurlögum sem dæmd eða ákvörðuð hafa verið í erlenda ríkinu og er þá ekki heimilt að ákæra hann eða dæma, handtaka hann eða setja í gæsluvarðhald eða svipta hann frelsi vegna fullnustu viðurlaga né skerða frelsi hans á annan hátt vegna annars afbrots en þess sem beiðnin um fullnustu lýtur að og framið var áður en hann var fluttur hingað til lands nema stjórnvöld í erlenda ríkinu hafi samþykkt það eða dómþoli hafi samfellt í 45 daga átt þess kost að yfirgefa Ísland en ekki gert það eða komið hingað til lands á ný eftir að hafa yfirgefið landið.

□ Ákvæði 1. mgr. skulu þó eigi hindra að hann verði sendur úr landi, honum vísað brott eða að gerðar verði ráðstafanir til að rjúfa fyrningu sakar.

■ **31. gr.**

□ Fullnusta skal stöðvuð ef erlenda ríkið tilkynnir að það hafi fallist á beiðni dómþola um náðun, veitt honum sakaruppgjöf eða endurupptekið erlenda dóminn eða það tilkynnir að í því ríki hafi verið tekin önnur ákvörðun sem samkvæmt lögum þess ríkis leiðir til þess að eigi sé lengur heimilt að fullnægja viðurlögum.

■ **32. gr.**

□ Sé um sektarrefsingu að ræða er eigi heimilt að innheimta hér á landi þann hluta sektar sem dómþoli hefur greitt stjórnvöldum í erlenda ríkinu. Ákvarðanir um afborganir eða fresti á greiðslu sektar, sem teknar hafa verið af stjórnvöldum í erlenda ríkinu áður en beiðin var um fullnustu hér á landi, halda gildi sínu.

□ Heimilt er að ákveða vararefsingu vegna sekta sem fullnægja á hér á landi samkvæmt lögum þessum ef slíkt er heimilt samkvæmt lögum þess ríkis sem það um fullnustu. Þetta á ekki við ef það ríki hefur tekið fram að eigi skuli ákvarða slíka vararefsingu.

□ Sektir, sem innheimtar eru samkvæmt lögum þessum, svo og peningar og munir sem gerðir eru upptækir samkvæmt ákvæðum laganna, eru eign ríkissjóðs. Hafi munur verið gerður upptækur hér á landi getur [ráðuneytið],<sup>1)</sup> samkvæmt beiðni þess ríkis sem það um fullnustu, samþykkt að hann verði afhentur því ríki.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

■ **33. gr.**

□ Sakarkostnaður, sem fellur til hér á landi vegna málsmeðferðar í framhaldi af beiðni um að fullnægt verði hér á landi erlendum viðurlögum, skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin réttargæsluþóknun, saksóknar- og málsvarnarlaun.

□ Þegar útivistardómur er endurupptekinn, að kröfu dómþola, er heimilt í samræmi við almennar reglur laga að dæma hann til greiðslu sakarkostnaðar.

□ Heimilt er að endurkrefja dómþola um kostnað vegna flutnings hans hingað til lands.

■ **34. gr.**

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> getur, samkvæmt beiðni stjórnvalda í erlendu ríki, samþykkt að útlendingur, sem flytja á milli ríkja samkvæmt ákvæðum í samningi skv. 1. gr. vegna fullnustu eða málsmeðferðar, verði fluttur um íslenskt yfirráðasvæði enda sé hann fluttur vegna viðurlagaákvörðunar sem unnt væri að fullnægja samkvæmt íslenskum lögum. Við slíkan

gegnumflutning skal frjálsræðissvipting halda sér nema erlenda ríkið biðji um að dómþoli verði látinn laus. Sé hann hafður í haldi skal með hann farið hér á landi svo sem almennt gildir um handtekna menn eða gæsluvarðhaldsfanga.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

**3. hluti. Fullnusta íslenskra viðurlagaákvæðana erlendis.**

**I. kafli. Fullnusta samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsídóma.**

■ **35. gr.**

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> ákveður hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að þau fullnægi viðurlögum samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsídóma.

□ Ekki er heimilt að biðja erlent ríki um að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum ef talið er að þær ástæður séu fyrir hendi sem lýst er í ákvæðum 2. mgr. 6. gr. og ætla má að þær komi í veg fyrir að fallist verði á beiðni um fullnustu í erlenda ríkinu.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

■ **36. gr.**

□ Ef erlent ríki er beiðin um að fullnægja viðurlögum samkvæmt útivistardómi og dómþoli setur þar fram kröfu um að íslenskur dómstóll taki málið upp að nýju leggur ríkissaksóknari, eftir að honum hafa borist gögn málsins, það fyrir þann héraðsdóm sem kvað upp útivistardóminn. Í slíkum tilvikum gilda ákvæði 1. mgr. 20. gr.

□ Sé kröfu um endurupptöku synjað og sé sú ákvörðun endanleg skal ríkissaksóknari þegar tilkynna það [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> sem tilkynnir stjórnvöldum í erlenda ríkinu um þá ákvörðun.

□ Sé fallist á kröfu um endurupptöku skal beiðni um fullnustu erlendis þegar afturkölluð.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

■ **37. gr.**

□ Þegar dómþoli er kvaddur til að mæta fyrir dóm hér á landi vegna kröfu hans um endurupptöku máls og hann yfirgefur erlenda ríkið af þeirri ástæðu er ekki heimilt að ákæra hann eða dæma, handtaka hann eða setja í gæsluvarðhald eða svipta hann frelsi til að fullnægja viðurlögum eða að öðru leyti skerða frelsi hans vegna annars afbrots sem framið var áður en hann yfirgef erlenda ríkið nema þess hafi verið getið í fyrirkalli að slíkum aðgerðum kynni að verða beitt, hann hafi samþykkt það skriflega eða honum hafi samfellt í 15 daga, eftir að íslenskur dómstóll tók endanlega ákvörðun vegna kröfu hans um endurupptöku, verið unnt að yfirgefa landið en hann ekki gert það eða komið hingað á ný eftir að hafa yfirgefið landið án þess að hann hafi verið kvaddur fyrir dóm vegna kröfu sinnar um endurupptöku málsins.

□ Fallist dómþoli skriflega á þær aðgerðir sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu þau stjórnvöld, sem taka ákvörðun um þær aðgerðir, senda [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> afrit eða ljósrit af samþykki dómþola og skal ráðuneytið þegar tilkynna stjórnvöldum í erlenda ríkinu um þetta.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

**II. kafli. Fullnusta samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna.**

■ **38. gr.**

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> ákveður hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að þau fullnægi viðurlögum samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna.

□ Ekki er heimilt að biðja erlent ríki um að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum ef talið er að þær ástæður séu fyrir hendi sem lýst er í a–e-liðum 1. mgr. 22. gr. og ætla má

að þær komi í veg fyrir að fallist verði á beiðni um fullnustu í erlenda ríkinu. [Samþykki dómþola er þó ekki skilyrði þegar dómþoli hefur komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja frá landinu. Sama gildir ef senda á dómþola úr landi eða vísa honum brott að fullnustu lokinni.]<sup>2)</sup>

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> ákveður hvort verða skuli við beiðni erlends stjórnvalds um að íslenskum viðurlögum verði fullnægt í því ríki að uppfylltum skilyrðum skv. 2. mgr.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr. <sup>2)</sup> L. 15/2000, 9. gr.

### III. kafli. Fullnusta samkvæmt öðrum samningum eða einstökum ákvörðunum.

#### ■ 39. gr.

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> ákveður hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að þau fullnægi viðurlögum á grundvelli samninga skv. [6. mgr. 2. gr.]<sup>2)</sup> eða með heimild í 1. mgr. 3. gr.

□ Ekki er heimilt að biðja erlent ríki um að fullnægja íslenskum viðurlagaákvörðunum ef talið er að skilyrði fyrir flutningi í viðkomandi samningi kæmu í veg fyrir að fallist verði á beiðni um fullnustu í erlenda ríkinu.

□ [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> ákveður hvort verða skuli við beiðni erlends stjórnvalds um að íslenskum viðurlagaákvörðunum verði fullnægt í því ríki að uppfylltum skilyrðum skv. 2. mgr.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr. <sup>2)</sup> L. 10/1997, 12. gr.

### IV. kafli. Sameiginleg ákvæði.

#### ■ 40. gr.

□ Þegar þess hefur verið farið á leit við erlent ríki að það fullnægi viðurlögum er ekki heimilt að hefja fullnustu sömu viðurlaga hér á landi nema dómþoli sé hér í gæsluvarðhaldi eða um sé að ræða viðurlög sem fela í sér frjálstræðissviptingu.

□ Fullnægja skal þó viðurlögnum hér á landi ef beiðni um fullnustu erlendis er afturkölluð áður en erlenda ríkið tilkynnir að það ætli að taka beiðnina til efnislegrar meðferðar eða þegar erlenda ríkið tilkynnir að það hafni beiðni um fullnustu. Sama gildir ef erlenda ríkið hættir við að fullnægja viðurlögnum eða eigi er unnt að fullnægja þeim þar.

#### ■ 41. gr.

□ Þegar beðið er um fullnustu erlendis á íslenskri viðurlagaákvörðun er felur í sér frjálstræðissviptingu og dómþoli er sviptur frelsi hér á landi eða er hér staddur skal flytja hann til erlenda ríkisins eins fljótt og unnt er eftir að það ríki hefur tilkynnt að það fallist á beiðni um fullnustu og hefur heitið að virða meginreglur 30. gr. um þann sem sviptur er frelsi í er-

lendu ríki og fluttur hingað til lands nema íslensk stjórnvöld hafi veitt samþykki skv. 42. gr.

#### ■ 42. gr.

□ Þegar fullnægja á íslenskri viðurlagaákvörðun erlendis, sbr. 41. gr., getur [ráðuneytið]<sup>1)</sup> samkvæmt beiðni stjórnvalda í erlenda ríkinu samþykkt, án tillits til takmarkana skv. 30. gr. og án tillits til þess hvort erlenda ríkið hafi gefið slíkt heiti sem um er getið í 41. gr., að dómþoli verði ákærður, dæmdur eða sviptur frelsi í því ríki til þess að fullnægja megi viðurlögum eða beittur þvingunarúrræðum eða frelsi hans takmarkað á annan hátt vegna annars afbrots sem framið var áður en hann var fluttur til erlenda ríkisins og ekki var dæmt í þeim dómi sem beðið var um fullnustu á í erlenda ríkinu. Slíkt samþykki er einungis heimilt að veita ef unnt hefði verið að framselja dómþola til viðkomandi ríkis vegna afbrotsins og gildir það jafnvel þótt framsal kæmi ekki til greina vegna ákvæða um lágmarkstíma dæmdra viðurlaga.

□ Sé það augljóst af því sem fram kemur í beiðninni að eigi sé heimilt að veita umbeðið samþykki skal [ráðuneytið]<sup>1)</sup> þegar hafna henni. Í öðrum tilvikum skal ríkissaksóknari tilkynna dómþola um beiðnina og samkvæmt beiðni hans leggja málið fyrir héraðsdóm til þess að meta hvort lagaskilyrði séu til staðar svo að verða megi við henni. Telji dómurinn að lagaskilyrði séu ekki fyrir hendi skal beiðninni hafnað.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.

### 4. hluti. Gildistaka o.fl.

#### ■ 43. gr.

□ Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

#### ■ 44. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### ■ 45. gr.

□ Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi viðurlagaákvörðun samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsíðoma nema hún hafi verið ákvörðuð eftir að samningurinn öðlaðist gildi milli Íslands og viðkomandi ríkis. [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> getur þó ákveðið samkvæmt samkomulagi við viðkomandi ríki að ákvæði samningsins gildi einnig um ákvarðanir sem teknar voru áður en samningurinn öðlaðist gildi milli Íslands og viðkomandi ríkis.

□ Samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna er heimilt að fullnægja hér á landi viðurlagaákvörðun sem tekin var áður en samningurinn öðlaðist gildi milli Íslands og viðkomandi ríkis.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 130. gr.